

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sigríðar Hálf-
dánardóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráð- 27. febr.
herra 27. febrúar 1942.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sigríðar Hálfdánardóttur.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af dánargjöf frá Guðbjörgu Ólafsdóttur frá Söndum, til minningar um ungfreyju Sigríði, dóttur Hálfdánar vígslubiskups Guðjónssonar og Herdísar Pétursdóttur á Sauðárkróki, er fæddist að Breiðabólstað í Vesturhópi 26. júní 1902 og dó á Sauðárkróki 7. apríl 1922.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 500 — fimm hundruð — krónum, og skal hann ávaxtast í Sparisjóði Vestur-Húnavatnssýslu á Hvammstanga, ef sparisjóðurinn vill borga ½% hærri vexti af honum en almenna innlánsvexti, annars skal hann ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands.

3. gr.

Þegar vextir af sjóðnum eru orðnir 100 — eitt hundruð — krónur, skal verja ½ vöxtunum til þess að styrkja fátæka stúlku úr Vestur-Húnavatnssýslu, sem er sjúklingur á sjúkrahúsinu á Hvammstanga, en ef engin er þar, sem álizt styrk-
purfi, skal styrkja stúlku úr sýslunni, sem þarf að leita sér lækninga lengra til.

Sé eitthvert ár um enga styrkhæfa sjúklinga að ræða, leggjast allir vextir við höfuðstólinn.

Hálfir vextir skulu alltaf lagðir við höfuðstólinn.

Þegar vextir, sem koma til úthlutunar, eru orðnir yfir 100 kr., má styrkja fleiri en einn sjúkling.

4. gr.

Héraðslæknirinn í Vestur-Húnavatnssýslu, presturinn á Melstað og einn maður kosinn af sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu, úthluta styrknum.

FISKVEIÐASAMÞYKKT

fyrir Akraneskaupstað.

1. gr.

Öll vélskip og vélbátar, sem stunda fiskveiðar með lóðir frá Akranesi, og eru að stærð 6 smál. brúttó og þar yfir, mega ekki leggja af stað í fiskiróður frá kl. 12 á hádegi til kl. 1 næsta dag mánuðina janúar, október, nóvember og desember, og ekki frá kl. 12 á hádegi til þess tíma, sem hér skal greina:

Á tímabilinu frá	1. febrúar til 14. febrúar	kl. 24,
— — —	15. febrúar til 15. marz	— 23,
— — —	16. marz til 31. marz	— 22,
— — —	1. apríl til 15. apríl	— 21,
— — —	16. apríl til 30. apríl	— 20 og
— — —	1. maí til 15. maí	— 19.

21

3. marz

Samkvæmt ákvæðum 1. gr., skal róðrartími auglýstur og ljósmerki gefin í landi á þeim tíma, eða, eftir að ljósmerki sjást ekki úr landi, skal fiskibátur, sem lögreglustjóri tiltekur, gefa ljósmærkið.

Fyrir en slíkt ljósmerki hefur verið gefið, er öllum óheimilt að leggja af stað í fiskiróður. Þó skal heimilt að fara út fyrir „Sundin“, en þó ekki norðar en að Vestra-Sunds-merkin beri saman, og ekki vestar en að miðjan Berjadal beri í Flasarvitann á Akranesi.

3. gr.

Lögreglustjóri skipar í byrjun hverrar vetrarvertíðar formenn á þrem fiskibátum, til þess að líta eftir því að samþykkt þessari sé fylgt, svo og, ef ágreiningur verður, til að ákveða nánar mið þau, sem ekki má fara út fyrir, fyrir en ljósmerki hefur verið gefið, samkv. 2. gr. Skulu eftirlitsbátar þessir hafa uppi ljós á stag, auk skylduljósa, og má enginn bátur fara út fyrir þá fyrir en ljósmerki hefur verið gefið, samkv. 2. gr.

4. gr.

Ákvæði samþykktar þessarar ná ekki til útilegubáta.

Bátar, sem róa á sömu slóðir og samtímis Sandgerðingum, mega fara í fiskiróður eftir eigin vild.

5. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 50 til 500 krónum. Sektir allar renna í hafnarsjóð Akraness.

6. gr.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Fiskveiðasamþykkt fyrir Ytri-Akraneshrepp í Borgarfjarðarsýslu, nr. 88 3. ágúst 1934, og breytingar, sem á henni hafa verið gerðar, eru úr gildi fallnar.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akraness-kaupstaðar hefur gert, staðfestist hér með samkvæmt lögum frá 28. febrúar 1942, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. marz 1942.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Gunnl. E. Briem.